

Börn og bækur

Kennari	Rannveig Karlsdóttir	Sk.st.	RAN
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er áhersla á mikilvægi lestrar og barnabókmennta, fyrir börn á öllum aldri. Nemendur kynnst ýmsum tegundum bóka og annars efnis fyrir börn og unglunga. Einnig verður farið yfir sögu og þróun íslenskra barna- og unglungabóka, rætt um mál- og menningarheim og málþroska barna. Skoðað er hvað einkennir góðar barnabækur og fjallað um gildi þess að börn lesi og að lesið sé fyrir þau. Nemendur greina og meta margskonar barna- og unglungabækur og fræðigreinar er varða alla þætti áfangans. Þeir gera grein fyrir skoðunum sínum, munnlega og skriflega þar sem reynir á frumkvæði, sköpunarhæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna ýmist einir eða með öðrum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi lestrar fyrir mál- og málþroska barna
- sögu íslenskra barnabókmennta
- mismunandi tegundum barnabókmennta og helstu höfundum
- hvað einkennir vandaðar og óvandaðar barnabækur
- tengslum íslenskra barnabókmennta við menningu hvers tíma
- hugmyndafræði og viðhorfum sem birtast í barnabókmenntum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu
- mismunandi stíl og orðaforða í barnabókum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og greina barnabókmenntir af ýmsu tagi
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn sem birtast í barnabókmenntum
- meta ólíkar tegundir texta og efnis sem ætlað er börnum
- draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á mikilvægi vandaðra barna- og unglungabóka
- átta sig á gildi lestrar fyrir málþroska barna
- velja og meta á gagnrýninn hátt efni ætlað börnum
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu

Námsgögn:

Raddir barnabókanna. Greinasafn. Tekið saman af Silju Aðalsteinsdóttur. Gefið út af Máli og menningu, 1999. Einnig verða lesnar ýmsar fræði- og blaðagreinar, bókarkafnar, íslenskar barna- og unglungabækur og horft á kvikmyndir/sjónvarpsefni eftir því sem við á í hverri lotu. Fyrir utan barna- og unglungabækur verður það lesefni, sem ekki er í kennslubók áfangans, aðgengilegt á námsvefnum (Moodle).

ÍSLE3BB05 – fjarnám námsáætlun haustannar 2021



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotu- númer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
1. lota Vikur 36-40 6/9 - 4/10	Í fyrstu lotunni verður yfir yfir mikilvægi lestrar og læsis og nemendur vinna hugleiðingar byggðar á greinum um efni. Saga barnabókmennta kynnt og rakin, auk þess sem fjallað verður um frásagnartækni í barnabókmenntum. Unnið að heimildaritgerð um barnabókahöfund.	Lestur greina á Moodle og námsbók. Vinnuspurningar. Krossapróf á Moodle. Lestur í <i>Raddir barnabókanna</i> um sögu barnabóka og frásagnartækni. Hugleiðingar, lestur og skrif. Heimildavinna og ritgerðarsmið.	Ritunarverkefni með heimildum. Vægi 15%.
2. lota Vikur 41-44 11/10 - 7/11	Upphaf myndabókaútgáfu á Íslandi kynnt. Farið yfir greiningartól og tæki til að meta myndabækur og myndbyggingu í þeim. Upphaf og þróun teiknimyndasagna. Kafllar/greinar úr <i>Raddir barnabókanna</i> og greinar á Moodle.	Greinar úr greinasafninu <i>Raddir barnabókanna</i> . Lesefni á Moodle. Krossapróf á Moodle. Vinnuspurningar. Hugleiðingar. Greining og vinna við verkefni um myndabækur.	Greining á myndabókum. Vægi 10%.
3. lota Vikur 45-48 8/11 - 3/12	Farið yfir ólíkar gerðir barnabóka, einkenni þjóðsagna og áhrif á barnabækur. Einkenni og þróun furðusagna. Nútímabarnabækur-nýleg barnabók lesin, val í samráði við kennara.	Greinar úr greinasafninu <i>Raddir barnabókanna</i> . Lesefni á Moodle. Krossapróf á Moodle. Vinnuspurningar. Hugleiðingar. Barnabók lesin og bókarskýrsla gerð um bókina.	Bókarskýrsla 10%.
Öll önnin	Moodle-verkefni/próf	Krossapróf úr efninu.	10%
Öll önnin	Hugleiðingar	Lestur greina og skráning hugleiðinga.	15%
Lokapróf			40%

ÍSLE3BB05 – fjarnám námsáætlun haustannar 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform: <input type="checkbox"/> Símat <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Ritun og heimildavinna	Ritunarverkefni þar sem stuðst er við heimildir. Úrvinnsla, framsetning og heimildanotkun metin.	15%
Myndabóka-verkefni	Greining og kynning á völdum myndabókum. Glærugerð, framsetning, úrvinnsla og greining á efni meðal matsþátta.	10%
Ritun og lestur	Valin barna- eða unglingsbók lesin og bókarskýrslu skilað í kjölfarið.	10%
Moodle verkefni/próf	Regluleg próf og verkefni á Moodle.	10%
Hugleiðingar	Lestur á ákveðnum greinum, stuttur útdráttur unnin úr greinum auk þess sem nemendur skrifa hugleiðingar sínar um efnið hverju sinni. Úrvinnsla, frágangur o.fl. meðal matsþátta.	15%
Lokapróf	Lokapróf úr völdu efni áfangans.	40%
	Samtals:	100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, **annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila.** Þeir nemendur sem missa af prófi/tímaverkefni, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara. Kennara er heimilt að lækka einkunn nemanda fyrir hvern dag sem skilað er of seint. Nemendum ber að skila verkefnum á tilsettum tímum en undanþágur frá skilareglum eru aðeins veittar vegna veikinda eða ófyrirséðra atvika sbr. skilareglur (sjá Moodle).

Nemendur þurfa að fá 4,0 að lágmarki í einkunn á lokaprófi til að aðrar einkunnir verði metnar til lokaeinkunnar.

Athugið að í áfanganum er gert ráð fyrir töluverðri heimavinnu, bæði lestri og verkefnavinnu, enda er reiknað með að 40% vinnunnar í 5 eininga áföngum fari fram sem heimavinna. Fylgist því vel með og hefjist strax handa við lestur og verkefnavinnu.

ATH! Vegna Covid-19 heimsfaraldurs getur skipulag og kennsluhættir breyst frá því sem hér segir.

Dagsetning: 6/9 2021

Rannveig Karlsd.
Undirritun kennara

Sigríður Þórunn
Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils

